



**95. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar
miðvikudaginn 28. nóvember 2013, kl. 15:00.**

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 24. október 2013
 - b) Bs. um menningu og atvinnumál frá 14. nóvember 2013
 - c) Samband íslenskra sveitarfélaga frá 25. október 2013
 2. Bréf frá Samstöðu dags. 18. nóvember 2013
 3. Bréf frá Stígamótum dags. 20. október 2013
 4. Afskriftir
 5. Bréf frá Textílsetrinu dags. 24. október 2013
 6. Bréf frá Farskólanum dags. 15. október 2013
 7. Félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartár
 8. Forsvarsmenn Markviss koma á fund
 9. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013
 10. Útkomuspá reksturs Blönduósbæjar fyrir árið 2013
 11. Fjárhagsáætlun 2014
 12. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) **Bs. um Tónlistarskóla A-Hún. frá 24. október 2013**
Lögð fram til kynningar
 - b) **Bs. um menningu og atvinnumál frá 14. nóvember 2013**
Lögð fram til kynningar
 - c) **Samband íslenskra sveitarfélaga frá 25. október 2013**
Lögð fram til kynningar
2. **Bréf frá Samstöðu dags. 18. nóvember 2013**
Nú standa yfir samningaviðræður milli félaga innan ASÍ og vinnuveitenda þar sem meginkröfur eru að ná fram auknum kaupmætti ráðstöfunartekna launafólks. Fram kemur í bréfinu áskorun til Blönduósbæjar um að hækka ekki gjaldskrár sveitarfélagsins.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar.



3. Bréf frá Stígamótum dags. 20. október 2013

Óskað er eftir fjárstyrk vegna ársins 2014.

Bæjarráð samþykkir kr. 40.000

4. Afskriftir

Fært í trúnaðarbók.

5. Bréf frá Textílsetrinu dags. 24. október 2013

Óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2014.

Erindinu frestað.

6. Bréf frá Farskólanum dags. 15. október 2013

Óskað er eftir kr. 163.000 fjárstuðningi vegna reksturs Farskólans fyrir árið 2014.

Bæjarráð samþykkir erindið.

7. Félagsfundur í Veiðifélagi Blöndu og Svartár

Boðað er til fundar í veiðifélagi Blöndu og Svartár, í Húnaveri þriðjudaginn 3. desember 2013 kl. 20:30.

Bæjarstjóra falið að mæta á fundinn.

8. Forsvarsmenn Markviss koma á fund

Guðmann Jónasson og Snjólaug M. Jónsdóttir mættu á fundinn og gerðu grein fyrir starfsemi og framtíðarsýn félagsins. Það er stefna félagsins að stuðla að uppbyggingu á aðstöðu til iðkunar skotfimi hér í sýslunni og gera sem flestum kleift að stunda æfingar á svæði félagsins.

Bæjarráð lýsir ánægju sinni með þann árangur og metnað sem skotfélagið hefur sýnt og framtíðaráform þess.

9. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2013

Bæjarstjóri kynnti viðauka við fjárhagsáætlun 2013.

Viðaukarnir verða lagðir fram til samþykktar á næsta fundi bæjarráðs.

10. Útkomuspá reksturs Blönduósarbæjar fyrir árið 2013

Bæjarstjóri lagði fram útkomuspá fjárhagsársins 2013. Fram kemur að upphafleg áætlun samantekið fyrir A og B hluta rekstrar Blönduósarbæjar hljóðar upp á 31. m.kr. halla. Útkomuspá 2013 samantekið fyrir A og B hluta rekstrar Blönduósarbæjar hljóðar upp á 7. m. kr. tap. Útkomuspá 2013 gerir því ráð fyrir að rekstur ársins 2013 batni um 24 m.kr. á árinu 2013.

Gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri 2013 yrði 65 m.kr. en útkomuspá gerir ráð fyrir hækkan á handbæru fé og verði 80 m.kr.

Bæjarráð samþykkir útkomuspá reksturs Blönduósarbæjar fyrir árið 2013.

11. Fjárhagsáætlun 2014

Farið var yfir fjárhagsáætlun 2014.

12. Önnur mál

Engin önnur mál.



Bæjarráð Blönduósarbæjar

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:55

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Pórdís Hauksdóttir (sign.)